



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 17. mars 2022

Tilvísun: 2022030045

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

### Umsögn um 389. þingmál – frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.)

Vísað er til umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.). Embætti ríkislögreglustjóra tekur heilshugar undir þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu og fagnar þeim breytingum sem þar koma fram.

Í þessu sambandi er rétt að nefna 1. gr. frumvarpsins um breytingar á 70. gr. almennra hegningarlaga sem er í samræmi við athugasemdir erlendra eftirlitsaðila með mannréttindaskuldbindingum Íslands. Það er mikilvægt að löggjafinn gefi skýrar leiðbeiningar sem sannarlega er gert með framlögðu frumvarpi.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á barnaníðsákvæði hegningarlaga sem eru löngu tímabærar, framfaraskref og réttarbót. Það er mikilvægt er að þarna er bæði verið að hækka refsirammann þannig að hann nálgist það að ná utan um stærstu málin og leiðbeiningar gefnar um mat á alvarleika brota. Það er líka sérstaklega ástæða til þess að fagna þeim breytingum sem gera á varðandi kynferðislegar myndasendingar á milli ungs fólks. Það styður skilaboð laganna um mikilvægi samþykkis í kynferðislegum samskiptum og er til þess fallið að skýra réttarvernd.

Í skýrslu Maríu Rúnar Bjarnadóttur um kynferðislega friðhelgi,<sup>1</sup> sem kom út í byrjun árs 2020, er sérstök umfjöllun um ungmenni á aldrinum 15-18 ára. Þar er m.a. fjallað um að í tengslum við kynferðislega friðhelgi einstaklinga þurfi sérstaklega að huga að þessum aldurshóp, börn sem náð hafa sakhæfisaldri og kynferðislegum samþykkisaldri en teljast börn í skilningi laga. Í skýrslunni er einmitt gerð tillaga um breytingu á 210. gr. a. hgl. í þessa veru að tiltaka sérstaklega þenna aldurshóp hvað varðar refsileysi kynferðislegra samskipta jafningja á svipuðum aldri með samþykki beggja.

Að auki er talið framfaraskref að kveða á um dreifingu í ljósi stafrænnar þróunar og mikilvægt að það sé komin sérstök grein, 4. gr. frumvarpsins, varðandi ítrekunaráhrif brota.

F.h. embættis ríkislögreglustjóra

*Kristbjörg Fjola Hrólfsdóttir*  
Kristbjörg Fjola Hrólfsdóttir

<sup>1</sup> *Kynferðisleg friðhelgi: Umfjöllun um réttarvernd og ábendingar til úrbóta*, Forsætisráðuneytið, Reykjavík 2020: [https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Kynfer%C3%B0islegFri%C3%B0helgi\\_MRB.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Kynfer%C3%B0islegFri%C3%B0helgi_MRB.pdf)